

# STJÓRNARTÍÐINDI B 50 – 1997

13. júní 1997

703

Nr. 347

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 298, 14. maí 1997,  
um verndun smáfisks við tog- og dragnótaveiðar fyrir Suðurlandi.

1. gr.

Við 2. gr. bætist ný málsgrein er orðist svo: Séu veiðar stundaðar með legglugga skal lágmarksmöskvastærð gluggastykkisins og aftan þess vera 135 mm.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 15. júní 1997.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 13. júní 1997.*

F. h. r.

**Árni Kolbeinsson.**

*Þórður Eyþórsson.*

13. júní 1997

Nr. 348

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 104, 5. febrúar 1997,  
um gerð og búnað smáfiskaskilju.

1. gr.

3. gr. breytist og orðist svo: Ef togveiðar eru stundaðar á tilgreindum svæðum sbr. 2. gr. og notuð er smáfiskaskilja skal lágmarksmöskvastærð í skiljuhólknum og þar fyrir aftan vera 135 mm.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 12. gr. laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 15. júní 1997.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 13. júní 1997.*

F. h. r.

**Árni Kolbeinsson.**

*Þórður Eyþórsson.*

Gutenberg